

## 13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 8 15. febrúar 1931, ásamt síðari breytingum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**S A M Þ Y K K T****um sýsluvegasjóð í Norður-Þingeyjarsýslu.**

## 1. gr.

Í Norður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkvæmt 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga, nr. 71/1963.

## 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

**Kelduneshreppur:**

1. Sultavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Sultum.
2. Víkingavatnsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Víkingavatni.
3. Grásiðuvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Grásiðu.
4. Nýjabæjarvegur, af Sandsvegi að Nýjabæ.
5. Anarnesvegur, af Sandsvegi að Arnarnesi.
6. Syðribakkavegur, af Sandsvegi að Syðri-Bakka.
7. Eyvindarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Eyvindarstöðum.
8. Uppsveitarvegur, frá Tóvegg að Undirvegg.
9. Ingveldarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ingveldarstöðum.
10. Meiðavallavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Meiðavöllum.
11. Ásvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ási.

**Fjallahreppur:**

1. Nýjahólsvegur, af Víðihólsvegi að Nýjahóli.

**Öxarfjarðarhreppur:**

1. Vestara-Landsvegur, af Hólsfjallavegi að Vestara-Landi.
2. Bjarnastaðavegur, af Hólsfjallavegi að Bjarnastöðum.
3. Gilhagavegur, af Gilsbakkavegi að Gilhaga.
4. Bakkavegur, af Austursandsvegi að Ytri-Bakka.
5. Smjörhólsvegur, af Gilsbakkavegi að Smjörhóli.

6. Akurselsvegur, af Austursandsvegi að Akurseli.
7. Þverárvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Þverá.

**Presthólahreppur:**

1. Arnarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Arnarstöðum.
2. Valþjófsstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Valþjófsstöðum.
3. Einarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Einarstöðum.
4. Efrihólavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Efri-Hólum.
5. Katastaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Katastöðum.
6. Kópaskersvegur, um Kópasker.
7. Reistarnesvegur, af vetrarvegi við Þingeyjarsýslubraut að Reistarnesi með álmu að Sandvík og Nýhöfn.
8. Grjótnesvegur, af vetrarvegi við Þingeyjarsýslubraut að Grjótnesi.
9. Núpskötluvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Núpskötlum.

**Svalbarðshreppur:**

1. Ormarslónsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ormarslóni.
2. Sveinungsvíkurvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Sveinungsvík.
3. Krossavíkurvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Krossavík.
4. Kollavíkurvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Kollavík.
5. Vallavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Völlum.
6. Brekknakotsvegur af Þingeyjarsýslubraut að Brekknakoti.
7. Fjallabæjarvegur, af Þingeyjarsýslubraut um Garð, Hagaland og að Hermundarfelli.
8. Flautafellsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Flautafelli.
9. Kúðarvegur, frá Svalbarðsseli, að Kúðá, með álmu að Fjallalækjarseli.
10. Óslandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Óslandi.
11. Ytra-Álandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ytra-Álandi.
12. Syðra-Álandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Syðra-Álandi.
13. Gunnarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Gunnarstöðum.
14. Hvammsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Hvammi.

**Sauðaneshreppur:**

1. Tunguselsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Tunguseli.
2. Syðri-Brekkuvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Syðri-Brekkum.
3. Hlíðarvegur, af Langanesvegi að Hlíð.
4. Hrollaugstaðavegur, af Heiðarfjallsvegi að Hrollaugstöðum.
5. Flugvallarvegur, af Langanesvegi á flugvöll.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiði árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr. vegalaga, niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

## 6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð.

Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat. Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

## 7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. vegalaga, eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

## 8. gr.

Í kaupúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

## 9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi.

Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

## 10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

## 11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Norður-Dingeyjarsýslu, nr. 53/1959, ásamt síðari breytingum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

9. júní 1965.

Nr. 128.

## SAMÞYKKT

### um sýsluvegasjóð í Austur-Húnavatnssýslu.

#### 1. gr.

Í Austur-Húnavatnssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

#### 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

#### Skagahreppur:

1. Ásbúðavegur, af Skagavegi að Ásbúðum.
2. Ósvegur, af Skagavegi að Ósi.
3. Sauravegur, af Skagavegi að Saurum.
4. Hólmavegur, af Skagavegi að Hólma.
5. Brekknavegur, af Skagavegi að Króki.
6. Skeggjastaðavegur, af Skagavegi að Skeggjastöðum.
7. Efribyggðavegur, af Skagavegi að Hofsrétt.
8. Bakkavegur, af Skagavegi að Bakka.
9. Keldulandsvegur, af Skagavegi að Keldulandi.
10. Brandaskarðsvegur, af Skagavegi að Brandaskarði.

#### Vindhælishreppur:

1. Kambakotsvegur, af Skagavegi að Kambakoti.
2. Núpsvegur, af Laxárdalsvegi að Núpi.
3. Hallárdalsvegur, af Skagavegi upp í Hallárdal.

#### Engihlíðarhreppur:

1. Efri-Mýravegur, af Laxárdalsvegi að Efri-Mýrum.
2. Síðuvegur, af Skagavegi að Síðu.
3. Blöndubakkavegur, af Neðribyggðavegi að Blöndubakka.
4. Breiðavaðsvegur, af Norðurlandsvegi að Breiðavaði.

#### Bólstaðarhlíðarhreppur:

1. Fossavegur, af Svartárdalsvegi að Fossum.
2. Steinárvegur, af Svartárdalsvegi að Hóli.
3. Torfustaðavegur, af Svartárdalsvegi að Torfustöðum.